



Landbúnaðarháskóli Íslands

Agricultural University of Iceland

Menntamálaráðuneytið

Hellen M. Gunnarsdóttir / Rósa Gunnarsdóttir
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Hvanneyri 14. ágúst 2007

Efni: Viðbrögð LbhÍ við skýrslu sérfræðinganeftnar um viðurkenningu á fræðasviði náttúruvísinda


Með vísan til bréfs Menntamálaráðuneytis dagsett 18. júní 2007 (Tilv. MRR07020611/10.2) og meðfylgjandi skýrslu sérfræðineftnar um viðurkenningu á fræðasviði náttúruvísinda fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands vill stofnunin taka fram eftirfarandi.

Þrátt fyrir nokkra tímaþróng reyndist vinnsla umsóknarinnar af hálfu LbhÍ mjög gagnleg fyrir stofnunina. Við teljum útgáfu menntamálaráðuneytisins á viðmiðum fyrir æðri menntun og prófgráður hafa verið mjög tímabæra og nauðsynlega til að móta skýrari sýn á skipulag og inntak háskólanáms á Íslandi. Mjög brýnt er að hafa slík viðmið sem eru sameiginleg fyrir alla Íslenska háskóla til að tryggja ákveðið samræmi í gæðum og kröfum.

Landbúnaðarháskóli Íslands fagnar að sjálfsögðu einróma meðmælum sérfræðinganeftnarinnar um að stofnuninni skuli veitt án skilyrða viðurkenning á fræðasviði náttúruvísinda. Jafnframt þökkum við ýmsar ábendingar frá nefndinni er fram koma í skýrslunni og lýsum okkur í öllum meginþáttum sammála þeim efnisatriðum sem þar eru tiltekin.

Einnig viljum við þakka fyrir ánægjuleg og gagnleg samskipti við starfsfólk menntamálaráðuneytisins og sérfræðinganeftnd þá sem vann skýrsluna.

Virðingarfyllst


Agust Sigurðsson
rektor